

Viljayfirlýsing um samstarf

Gömlu sporin SES og Byggðasafn Borgarfjarðar

Gömlu sporin SES á Húsafelli vinna að uppbyggingu menningar- og miðlunarstarfsemi sem byggir á sögu, list og menningararfi svæðisins, með áherslu á að varðveita og miðla þeim arfi í tengslum við staðinn sjálfan.

Byggðasafn Borgarfjarðar hefur það hlutverk að safna, varðveita og miðla menningarminjum og sögu héraðsins og býr yfir víðtækri þekkingu á staðbundnum heimildum og safnkosti.

Aðilar sjá tækifæri til samstarfs á sviði miðlunar, skráningar og varðveislu menningararfs, og miðlun á sögu Borgarfjarðar í samhengi við Húsafell. Samstarfið getur meðal annars falist í miðlun efnis, ráðgjöf um uppsetningu sýninga, skráningu og framsetningu heimilda og þátttöku í fræðslu og viðburðum.

Vilji er til að þróa þetta samstarf frekar í tengslum við uppbyggingu Gömlu sporanna á Húsafelli.

Yfirlýsing þessi er ekki bindandi samningur en staðfestir áhuga aðila á samstarfi.

Húsafell og Borgarbyggð 26.05.26

Fyrir hönd Gömlu sporanna SES Kt: 520526-0480

Fyrir hönd Byggðasafns Borgarfjarðar Kt: 510694-2289
